
Breyting á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 4. nóvember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fiskeldi Austfjarða hf. um fyrirhugaða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning Fiskeldis Austfjarða hf. vegna fyrirhugaðra breytinga á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlunar í Fáskrúðsfirði, Fjarðabyggð. Fyrirspurn um matsskyldu. Fiskeldi Austfjarða hf., nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fjarðabyggð með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 25. nóvember 2020.
- Hafnarstjórn Fjarðabyggðar dags. 22. desember 2020.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 20. nóvember 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 23. nóvember 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 24. nóvember 2020.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 10. desember 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 20. nóvember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 17. desember 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða í Fáskrúðsfirði hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum en þann 14. júní 2018 birti Skipulagsstofnun álit um mat á umhverfisáhrifum vegna eldis á allt að 20.800 tonnum af laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Núverandi fyrirkomulag eldis gerir ráð fyrir 11.000 tonna eldi á þremur eldissvæðum í Fáskrúðsfirði, Eyri/Fögrueyri, Höfðahúsabót og Æðaskeri. Þá gerir núverandi fyrirkomulag ráð fyrir að ein kynslóð eldisfisks sé í eldi hverju sinni og að fjörðurinn sé hvíldur að lágmarki í 9 mánuði á milli kynslóða.

Sú breyting sem nú er áformuð á eldinu felst í því að flytja eldissvæði við Eyri austar, eldissvæði við Æðasker verði lagt af en þess í stað afmarkað nýtt eldissvæði í firðinum sunnanverðum sem kallast



Einstigi. Þá er gert ráð fyrir að flytja svæði við Höfðahúsabót austar ásamt því að breyta afmörkun þess. Eftir breytingar verði tvö svæði í firðinum sunnanverðum og eitt í firðinum norðanverðum. Heildarflatarmál eldissvæða mun aukast um 19,6% með breytingunni úr 2,76 km² í 3,3 km².

Einnig er um að ræða breytingu á útsetningaráætlun eldisins þar sem seiði verða sett út á hverju ári í stað þriðja hvers árs.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fiskeldis Austfjarða hf. og umsögnum umsagnaraðila.

Ástand sjávar og lífríki á hafsbotni

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að með fyrirhugaðri tilfærslu eldissvæða innan Fáskrúðsfjarðar muni álagið færast utar í fjörðinn, en með því að staðsetja eldiskvíar í útstraumi fjarða er frekar tryggt að úrgangsefni safnist ekki upp á afmörkuðu svæði innan í firðinum þar sem hafstraumar liggja út sunnan megin í firðinum. Gert er ráð fyrir að fóðurnotkun muni minnka í kjölfarið en hvíldartími eldissvæða haldast sá sami þar sem eitt eldssvæði verður hvílt hverju sinni. Botndýralíf var rannsakað í Fáskrúðsfirði á árunum 2002¹ og 2017² og er mjög fjölbreytt, líkt og í öðrum fjörðum á Austurlandi og sker Fáskrúðsfjörður sig ekki frá nálægum svæðum hvað það varðar.

Í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar segir að athuganir á ástandi sjávar í Fáskrúðsfirði á ýmsum árstímum bendi til mikillar lóðréttrar blöndunar í firðinum. Niðurstöður straummælinga sýni tiltölulega sterkan meðalstraum og stöðuga hringrás þar sem innflæði sé norðan megin og útlæði sunnan megin. Meðalstraumar mældust á bilinu 3-7 cm/sek. Innst í firðinum náðust góðar, samfelldar súrefnismælingar niður undir botni og var lægsta gildið 5,7 ml/l sem bendir til að fjörðurinn sé lítt viðkvæmur fyrir lífrænu álagi hvað varðar súrefnisbúskap hans. Þá er endurnýjunartími sjávar í firðinum stuttur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að sú breyting sem fyrirhuguð er muni ekki koma til með að hafa neikvæð áhrif og telur Umhverfisstofnun áhrif ofangreindrar framkvæmdar á umhverfi liggja ljós fyrir.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin tekur undir sjónarmið framkvæmdaraðila um að breytingin feli ekki í sér aukið álag á umhverfið frá því sem tilkynnt var um í mati á umhverfisáhrifum árið 2018.

Áhrif á villta laxfiska, laxalús og fiskisjúkdómar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að breytt staðsetning eldissvæða muni ekki hafa miklar breytingar í för með sér varðandi þá áhættuþætti sem snúa að hugsanlegum áhrifum á villta lax- og silungastofna.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að með fyrirhugaðri breytingu á staðsetningu eldssvæða styttest fjarlægð milli þeirra og útsetning seiða verður tíðari. Fiskistofa bendir á að þessar breytingar geta aukið líkurnar á því að laxalús eða fiskilús verði vandamál í eldinu og geti borist milli eldissvæða, einkum með hafstraumi frá Eyri/Fögrueyri til Einstigis. Mikið er í húfi að verja þá góðu stöðu sem

¹ Þorleifur Eiríksson & Böðvar Þórisson (2004). Botndýr í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Unnið fyrir Salarislandica. Náttúrustofa Vestfjarða, 9-04, bls. 16.

² Þorleifur Eiríksson & Guðmundur Víðir Helgason (2018). *Hryggleysingjar á botni Fáskrúðsfjarðar*. RORUM, bls. 20.



verið hefur á Austfjörðum, en lús hefur ekki verið vandamál þar. Sú breyting sem framkvæmdaraðili boði, mun þó ekki auka líkurnar svo mikið á neikvæðum áhrifum á villta stofna vegna mögulegs lúsasmits, frá því sem nú er.

Siglingaleiðir

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi staðsetning og stærð eldissvæða miðist við álit Sjósmælingasviðs Landhelgisgæslunnar frá árinu 2018. Ekki hafi verið einhugur um staðsetningu eldissvæða á meðal heimamanna og því hafi Fiskeldi Austfjarða hf., leitað eftir útfærslu svo meiri sátt ríki um eldið. Með boðaðri tilfærslu eldissvæða telur framkvæmdaraðili að meira rými skapist til siglinga um fjörðinn.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að tillaga að breyttri staðsetningu sjóeldiskvía valdi því að þær lenda í markaðri siglingaleið um Fáskrúðsfjörð. Hafnarnesviti sem markar siglingaleiðir út fjörðinn sé innan hafnsögu Fáskrúðsfjarðarhafnar og vísar Vegagerðin til ábyrgðar hafnaryfirvalda að sjá til þess að öryggi siglinga sé tryggt.

Í bókun hafnarstjórnar Fjarðabyggðar kemur fram að lögð sé áhersla á að ljósabúnaður við fyrirhugaðar eldiskvíar verði staðsettur með tilliti til núverandi vita og telur að öðru leyti að þessi breyting hafi ekki áhrif á öryggisþátt vitans. Hafnaryfirvöld Fjarðabyggðahafna telja að merkingar við jaðar eldssvæðanna og ljósmerki Hafnarnesvita muni sameiginlega tryggja öryggi siglingaleiða um Fáskrúðsfjörð.

Í viðbrögðum framkvæmdaraðila kemur fram að ljósabúnaður fyrirhugaðra eldiskvía verður staðsettur með tilliti til núverandi vita og í samræmi við bókun hafnarstjórnar Fjarðabyggða.

Meningaminjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fiskeldi geti einkum haft áhrif á fornleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fornleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fornleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botns undir kvíum. Ljóst er að áður en kvíarnar verða festar niður verði að mati stofnunarinnar að skoða botninn nákvæmlega. Ef fornleifar koma í ljós við þá athugun er mikilvægt að Minjastofnun sé gert viðvart sbr. lög um menningaminjar og að tilliti verði tekið til fornleifanna.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Tillaga Hafrannsóknastofnunar að eldissvæðum í Fáskrúðsfirði liggur fyrir þar sem tekið er mið af núverandi starfsemi í firðinum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Skipulagsstofnun bendir á að boðuð áform um breytingar á eldissvæðum fyrirtækisins í Fáskrúðsfirði þ.e. við Eyri, Höfðahúsabót og Æðasker, eru utan þeirra eldissvæða sem Hafrannsóknastofnun gerir tillögu um.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á staðsetningu eldissvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli og staðsetning framkvæmdar



Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærðar og umgangs framkvæmda og úrgangsmyndunar, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er og álagspóls strandsvæða, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum allt að 20.800 tonna framleiðslu á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 14. júní 2018. Um er að ræða breytingu á áðurnefndri framkvæmd sem felst í því að breyta staðsetningu eldssvæða og útsetningaráætlun í Fáskrúðsfirði.

Ekki er um að ræða breytingu á umfangi framkvæmdar og gera má ráð fyrir að dreifing úrgangs og uppsöfnun næringarefna verði að einhverju leyti frábrugðin en gert var ráð fyrir í matskýrslu. Fyrir liggur að megin straumstefna liggur inn fjörðinn að norðan og út að sunnan, auk þess sem meiri landhalli og dýpi er undir fyrirhuguðum eldissvæðunum í sunnanverðum firðinum. Með breyttri staðsetningu eldiskvía verður minni uppsöfnun næringarefna innar í firðinum þar sem umræddar breytingar munu leiða til þess að lífmassinn færir út frá fjörðinum. Með hliðsjón af umsögnum Hafrannsóknastofnunar og Umhverfisstofnunar telur Skipulagsstofnun að breytt fyrirkomulag á eldi í firðinum komi ekki til með að auka umhverfisáhrif á botndýralíf og ástand sjávar. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Minjastofnunar að sjávarbotn þeirra svæða sem tilfærsla eldissvæðanna nái til verði athuguð m.t.t. hugsanlegra minja á svæðinu.

Tilfærsla eldissvæða er líkleg til að breyta áhrifum fiskeldis ásýnd frá því sem nú er. Til að mynda munu eldissvæði færast nær Sandfelli sem er hverfisverndað útivistarsvæði og á náttúruuminjaskrá, mun mögulega auka sýnileika kvíanna fyrir gesti svæðisins. Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrifin þó að teljast minniháttar umfram núverandi áhrif á ásýnd og landslag.

Hafnarnesviti markar siglingaleiðir út fjörðinn. Með tilfærslu eldissvæða lenda þau í markaðri siglingaleið. Hafnarnesviti er innan hafnsögu Fáskrúðsfjarðarhafnar og er leiðsaga frá Fáskrúðsfjarðarhöfn á ábyrgð hafnaryfirvalda. Með hliðsjón af umsögn Fjarðabyggðarhafna telur Skipulagsstofnun að færsla eldissvæða komi ekki til með að hafa áhrif á öryggi siglingaleiða um Fáskrúðsfjörð.

Fyrirhuguð breyting á framkvæmd er ekki líkleg til að auka hættu á slysasleppingum eða auka álag á villta laxfiska vegna laxalúsar eða sjúkdóma.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, stærðar og fjölbreytileika áhrifa og tímalengdar áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð færsla á eldissvæðum og breyting á útsetningaráætlun komi ekki til með að breyta eiginleikum hugsanlegra umhverfisáhrifa af fiskeldi í Fáskrúðsfirði. Um er að ræða færslu á eldissvæðum og breytta útsetningaráætlun frá fyrri framkvæmd og munu umhverfisáhrif að mestu verða sambærileg. Þá kann að verða jákvæð breyting á dreifingu úrgangs og uppsöfnun næringarefna með færslu eldissvæða í útstraum fjarðarins.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 15. febrúar 2021.



Reykjavík, 13. janúar 2021.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson